



Fundargerð

18. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar fjarfundur haldinn

8.apríl 2021, kl. 14:00

Viðstaddir:

Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Kristín Gyða Njálisdóttir, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Framfaravogin (2019051066)

Lýðheilsuráð telur mikilvægt að nýta mælikvarða lýðheilsuvísa í aðgerðaáætlun Reykjaneshæjar varðandi lýðheilsustefnu þar sem Framfaravog er verkefni sem enn er í þróun.

2. Sumar í Reykjaneshæ (2021040031)

Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur óskaði eftir hugmyndum að heilsutengdum verkefnum varðandi virka þátttöku og hreyfingu íbúa í sumar. Lýðheilsuráð ræddi margar góðar hugmyndir m.a. heilsutengdan ratleik fyrir börn og unglínga. Nefndarmenn eru hvattir til þess að senda inn hugmyndir en allar upplýsingar um starfið í sumar fer inn á vefinn fristundir.is. Lýðheilsuráð felur lýðheilsufulltrúa að auglýsa heilsustíga og heilsutengd verkefni sérstaklega með sérstakri undirsíðu á vef bæjarins sem stefnt er á að verði klár fyrir næsta fund ráðsins.

3. Lýðheilsuvísar 2020-2021 (2021040032)

Lýðheilsuráð felur lýðheilsufulltrúa að óska eftir niðurstöðum lýðheilsuvísa fyrir Reykjaneshæ sérstaklega og skýringum frá Embætti landlæknis varðandi marktækan mun á heilsufarslegri útkomu þannig að í framhaldi sé hægt að bregðast sérstaklega við með raunhæfum aðgerðum.

4. Hreyfivika UMFÍ (2021040033)

Hreyfivika UMFÍ er áætluð 25. maí til 1. júní nk. Reykjaneshæ mun taka virkan þátt í hreyfivikunni að vanda. Stefnt er að því að vígja upphitaða göngubraut í kringum nýjan gervigrasvöll við setningu hreyfivikunnar.



Lýðheilsuráð samþykkti að taka eftirfarandi mál á dagskrá:

5. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2021010117)

Tillaga til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1108.html>

Lýðheilsuráð felur lýðheilsufulltrúa að gera drög að umsögn Reykjanesbæjar varðandi þingsályktunartillögu um lýðheilsustefnu til ársins 2030 sem nú hefur verið sett í samráðsgátt.

Lýðheilsufulltrúi í samráði við lýðheilsuráð mun senda inn umsögn varðandi lýðheilsustefnuna.

Frestur til umsagnar er 21.apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:41